

Námskeið: Fallvarnir - Vinna í hæð

Um hvað er námskeiðið?

Stutt kynning á Vinnueftirlitinu, Vinnuverndarlögunum og starfi öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna.

Kynning á gerð áhættumats og mikilvægi þess sem tæki til að fyrirbyggja slys og annað heilsutjón starfsfólks við vinnu.

Farið yfir mikilvægi réttrar notkunar persónuhlífa og notkunarskyldu við ýmis störf. Sérstök áhersla lögð á notkun fallvarnarbúnaðar.

Megináhersla námskeiðsins lýtur að vinnu í hæð og notkun viðeigandi fallvarnarbúnaðar, þær hættur sem geta skapast og mikilvægi réttra forvarna og viðbragðsáætlana við óhöppum.

Fjallað er um uppsetningu og frágang vinnupalla, hengiverkpalla, röraverkpalla, timburverkpalla, mannkörfur og notkun stiga við vinnu.

Fyrirhuguð námskeið 2012:

Reykjavík 23. febrúar kl. 13 -16

Reykjavík 26. apríl kl. 13 -16

Reykjavík 15. maí kl. 13 -16

Skráning á námskeið er á heimasíðunni, valinn takkinn “Námskeið” ofarlega til vinstri á forsíðunni og síðan smellt á “Skráning á námskeið” lengst til hægri í annarri línu síðunnar sem þá birtist. Einnig er hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið: vala@ver.is eða í síma Vinnueftirlitsins, 550 4600.